

Kalka sorpeyðingarstöð sf.  
Berghólabraut 7  
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 10. september 2020  
UST202003-034/S.M.  
08.14.02

### **Reglubundið fyrra eftirlit í Kólku**

Þann 27. maí sl. fór fram eftirlit í Kólku – sorpeyðingarstöð í Helguvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og verður því lokið þann 15. október 2020.

### **Engin ábending var gerð í eftirlitinu en þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 4.10 í starfsleyfi. Botnösku skal geyma á lokuðu yfirborði með frárennsli tengdu sand- og olíuskilju. Gerðar skulu ráðstafanir til að hindra dreifingu botnösku s.s. með byggingu skýlis. Flugaska skal geymd innandyra í sekkjum á lokuðu yfirborði sem ekki er tengt frárennsli. Geymsla á botnösku og flugösku er ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins.
2. Gr. 5.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðili skilaði inn skráningum 28. ágúst sl. Enn er útistandandi skráning vegna tl. 7 í gr. 5.1.
3. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Notkun lóðarinnar að Berghólabraut 7a sem geymslu telst starfsleyfisskyld starfsemi án starfsleyfis.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. október, 2020.**

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

  
Hulda Soffía Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesja

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Kalka sorpeyðingastöð sf. Helguvík, Berghólabraut



<b>Dags eftirlits</b>	27.5.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Kalka sorpeyðingastöð sf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Berghólabraut 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	5312780469	<b>Flokkur</b>	verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Steinþór Þórðarson	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0,38.22.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ingbór Karlsson	<b>Staðsetning</b>	325484,211 396471,342

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirliti komu fram þrjú frávik er varða geymslu botnösku og flugösku, skil á skráningum og starfsleyfis skylda starfsemi án starfsleyfis. Eitt eldra frávik er opið er varðar toppa á SO<sub>2</sub>, HCl og NO<sub>x</sub> í útblæstri og hefur rekstraraðili sent inn úrbótaáætlun vegna þessa.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið fyrra eftirlit í Kólku sorpeyðingarstöð í Helguvík og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
5. Kynning á verkferli vegna sóttmengaðra dýrahæja
6. Önnur mál
7. Skoðunarferð um stöðina

Í Kólku er heimilt að taka á móti allt að 25.000 tonnum af úrgangi á ári. Árið 2019 var tekið á móti rétt rúmum 18.436 tonnum og þar af fóru 10.500 tonn í brennslu en annað í urðun og endurvinnslu. Fulltrúi rekstraraðila kynnti starfsemi fyrirtækisins á liðnu ári. Fram kom að fyrirhugað væri að hafa flutning á flugösku og botnösku frá fyrirtækinu tíðari og einnig er möguleiki á að botnaska færi í einhverskonar nýtingu. Rætt var um starfsemi fyrirtækisins vegna COVID-19. Fram kom að reglubundnu viðhaldsstoppi sem átti að vera í apríl var frestað vegna faraldursins, en Kalka er eina sorpbrennslustöðin á landinu og brennir því allan sóttmengaðan úrgang frá heilbrigðisstofnunum.

Í eftirlitum ársins 2019 kom fram eitt frávik er varðar losun efna í útblæstri þar sem toppar á SO<sub>2</sub>, HCl og NO<sub>x</sub> fara í mörgum tilvikum yfir losunarmörk sem sett eru í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur sent inn úrbótaáætlun vegna þessa þar sem lagt er upp með að skoða flokkun efnis til brennslu sem og að gera fylgnigreininar á brennslubókhaldi og útblæstri og tilraunir með tímabundnar útilokanir á tilteknum efnisstraumum. Jafnframt verða verkferlar endurskoðaðir. Rekstraraðili hefur sent inn úrbótaáætlun vegna þessa.

Tvær ábendingar voru einnig gerðar í eftirliti 2019 er varða árekstrarvarnir við eldsneytisgeyma og geymslu flugösku utandyra. Staðfest var í eftirliti nú að rekstraraðili hefur bætt úr árekstravörnum við eldsneytisgeyma. Fram kom í eftirliti að flugaska er geymd í sekkjum utandyra áður en hún er flutt í geymslu rekstraraðila að Fitjabraut í Reykjanesbæ. Slíkt samræmist ekki ákvæðum starfsleyfisins, en í gr. 4.10 í starfsleyfi segir að flugaska skuli geymd innandyra í sekkjum á lokuðu yfirborði sem ekki er tengt frárennsli.

Samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Áhættumat var fyrst gert árið 2019 og fellur Kalka í flokk A sem gerir tvö reglubundin eftirlit árið 2019. Áhættumat er endurskoðað árlega.

Í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olímengun frá starfsemi á landi er áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda að skrá alla neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Óskað hefur verið eftir þessum upplýsingum frá rekstraraðila.

Rætt var um drög að verkferli er varðar aukaafurðir dýra og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manndis. Samkvæmt reglugerðinni er almennt ekki heimilt að urða sóttmenguð dýrahæ, sér í lagi í áhættuflokki 1 og 2, nema að undangenginni brennslu eða þrýstisæfingu. Fram kom í eftirliti að Kalka, sem eina sorpbrennslustöðin á landinu, tæki við sóttmenguðum dýrahæjum í einhverjum mæli, en erfitt væri að taka við miklu magni þar sem það hefði áhrif á brennslu og útblástur í stöðinni.

Farið var í skoðunarferð um brennslustöðina. Haugar af botnösku sáust á malarplani á lóðinni við Berghólabraut 7a sem Kalka notar sem geymslu. Opnir lekaheldir hálfgámar voru aftan við brennslustöðina ætlaðir botnösku en lítið var í þeim við eftirlit. Nokkrir sekkir af flugösku voru geymdir á plani aftan við stöðina. Að öðru leyti var stöðin og planið umhverfis skipulagt og snyrtilegt.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

gr. 4.10 í starfsleyfi

Botnösku skal geyma á lokuðu yfirborði með frárennsli tengdu sand- og olíuskilju. Gerðar skulu ráðstafanir til að hindra dreifingu botnösku s.s. með byggingu skýlis. Flugaska skal geymd innandyra í sekkjum á lokuðu yfirborði sem ekki er tengt frárennsli. Geymsla á botnösku og flugösku er ekki í samræmi við ákvæði starfsleyfisins.

gr. 5.6 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðili skilaði inn skráningum 28. ágúst sl. Enn eru útistandandi skráningar vegna t.l. 7. í gr. 5.1.

6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Allur atvinnurekstrur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Notkun á lóðinni Berghólabraut 7a sem geymslu telst starfsleyfisskyld starfsemi án starfsleyfis.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðili er bent á að kanna hvort endurskoða þurfi viðbragðsáætlun fyrirtækisins vegna mengunaróhappa og rekstrarstöðvunar sem er frá 2012.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.09.2020



Sigríður Magnúsdóttir